

EFTIRLITSSKÝRSLA

Urðunarstaður Árborgar - Lækjamót Lækjamót



Dags eftirlits	11.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Urðunarstaður Árborgar - Lækjamót	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Austurvegur 2	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	650598-2029	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Þór Bragason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Árborgar að Lækjamótum. Fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðarins voru gefin út 20. október 2020.

Urðunarstaðurinn er snyrtilegur og unnið hefur verið samkvæmt lokunaráætlun við uppsetningu brunna og jöfnun á hliðum haugsins. Enn vantar aðeins upp á frágang á yfirborðslagi þar sem enn var úrgangur í yfirborði urðunarstaðarins.

Rekstraraðili setti fram athugasemdir við drög skýrslunnar, þar sem hann velti fyrir sér hvort frávik sem sett væru fram ætti frekar að teljast til athugasemdar þar sem viðbrögð við frávikum yrðu þannig að framkvæmdir myndu raska því jafnvægi sem komið væri á svæðið nú þegar. Eftirlitsaðili metur það hins vegar sem frávik frá 1.4 í lokunarfyrirmælum. Þar kemur fram sú krafa að við frágang staðarins þurfi að vera tryggt að allur úrgangur sé hulinn jarðvegslagi, (eða lagi úr sambærilegu efni), sem er a.m.k. 1 m þykkt. Við eftirlit er niðurstaðan sú að frágangur telst ekki nægur, til samræmis því sem þar kemur fram, þar sem úrgangur var sjáanlegur í yfirborðslagi.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun	Tryggt skal að við frágang urðunarstaðarins að allur úrgangur sé hulinn jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, sem er a.m.k. 1 m að þykkt.
---	---

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Sigríður Magnúsdóttir

